



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 22. maí 2019

Ákvörðun nr. 16/2019

Yfirlýsing á öllu hlutafé Dælnnar ehf. til Ports I ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 24. apríl 2019 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning um eignarhaldsbreytingu sem leiðir til þess að Port I ehf. (Port) fari með yfirlýsing á öllu hlutafé í Dælnni ehf. (Dælan). Með tilkynningunni fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnisaga nr. 44/2005 og reglur nr. 648/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirlýsingum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yfirlýsingum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna

Samkvæmt samrunaskrá er hér ekki um að ræða samruna í félagaréttarlegum skilningi, heldur samruna í skilningi c. liðar 1. mgr., sbr. 2. mg. 17. gr. samkeppnislaga. Þar segir m.a. að samruni verði þegar einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yfirlýsing yfir a.m.k. einu fyrirtæki ná beinum eða óbeinum yfirlýsingum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kauða verðbréf eða eignir með samningi eða öðrum hætti.

Í samrunaskrá segir að vegna uppgjörs á kröfum afhendi Einir ehf. Dælna til Barone I ehf. (Barone), sem í kjölfarið leggur Dælna til Port. Port er eignarhaldsfélag, stofnað árið 2018, sem fjárfestir í öðrum félögum sem hafa rekstur með höndum. Tilgangur félagsins er kaup, sala, rekstur eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með fjármálagerninga og hvers önnur fjárhagsleg verðmæti, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Port er að fullu í eigu Barone sem er einkahlutafélag, stofnað árið 2016. Tilgangur félagsins er sá sami og hjá Port.

Dælan er einkahlutafélag, stofnað árið 2018 í tengslum við kaup Einis á vörumerkinu „Dælan“, 5 eldsneytisstöðvum af Festi hf., sem staðsettar eru á höfuðborgarsvæðinu, tilteknu lausafé og samningum m.a. um olíudreifingu og kaup á eldsneyti. Tilgangur Dælnnar samkvæmt samþykktum félagsins er kaup, sala, rekstur eignarhald og leiga



fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með fjármálagerninga og hvers önnur fjárhagsleg verðmæti, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Eins og rakið er í samrunaskrá má rekja aðdraganda samrunans til skilyrða sem sett voru fyrir kaupum N1 hf. (nú Festi hf.) á Festi hf., sbr. sátt Samkeppniseftirlitsins við N1 hf. þann 30. júlí 2018. Fjallað er um samrunann í ákvörðun eftirlitsins nr. 8/2019. Eitt af skilyrðunum fyrir fyrrgreindum kaupum voru að tilteknar eldsneytisstöðvar yrðu seldar til óháðra aðila á eldsneytismarkaði, ásamt vörumerkinu „Dælunni“. Í framhaldinu voru umræddar eignir seldar einkahlutafélagi í eigu Einis. Í samræmi við fyrrgreind skilyrði mat óháður kunnáttumaður, sem skipaður var samkvæmt sáttinni, hæfi kaupanda og komu viðskiptin einnig til umfjöllunar Samkeppniseftirlitsins á þeim grunni.

Kaup Barone á fyrirtækjum hafa áður komið til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu, sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 6/2019 Kaup Barone I ehf. á 90% hlut í Löður ehf. Löður starfar á markaði fyrir bílaþvott. Tilgangur þess er bílaþvottur, smurþjónusta og önnur skyld þjónusta við bílaeigendur, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Félagið rekur 15 bílaþvottastöðvar, 13 á höfuðborgarsvæðinu, eina á Akureyri og eina í Keflavík. Var um samsteypusamruna að ræða þar sem Barone og félög undir sömu yfirráðum höfðu ekki starfsemi á sömu mörkuðum og Löður starfaði á. Ljóst er að Löður starfar ekki á sama markaði og Dælan en starfar þó á tengdum markaði fyrir bílaþvott.

1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilega markaði.

Að mati samrunaaðila starfar Port á markaði fyrir eignarhaldsfélög. Einnig er tekið fram að hvorki Port né tengdir aðilar starfa á sömu vöru- og þjónustumörkuðum og Dælan.

Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi Dælunnar felist í sölu fljótandi eldsneytis á sjálfsafgreiðslustöðvum. Að mati samrunaaðila er vöru- og þjónustumarkaur fyrir smásölu á eldsneyti á eldsneytisstöðvum sá markaður sem til álita kemur við samruna Dælunnar og Port.

Hvað landfræðilegan markað málsins varðar taka samrunaaðilar fram að í tilviki Dælunnar sé rétt að líta til svo á að Ísland skiptist í marga landfræðilega markaði og sé nærtækast að skipta landinu eftir landshlutum. Eldsneytisstöðvar Dælunnar eru fimm talsins og eru þær allar staðsettar innan höfuðborgarsvæðisins. Þannig líta samrunaaðilar svo á að landfræðilegur markaður sem Dælan starfar á einskorðast við höfuðborgarsvæðið.

Miðað við uppgefnar upplýsingar leiða þau viðskipti sem hér eiga sér stað ekki til samþjöppunar á framgreindum markaði. Eins og mál þetta er vaxið er ekki þörf á því að



greina markaðina nákvæmlega. Um skilgreiningu á eldsneytismarkaði má þó vísa til ákvarðana Samkeppniseftirlitsins nr. 8 og 9/2019.

Líkt og áður sagði er fyrirtækið Löður einnig undir yfirráðum sömu aðila og starfar á markaði fyrir bilþvott og mögulegum undirmörkuðum þess markaðar, sbr. ákvörðun nr. 6/2019.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða verði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Hér er um að ræða samruna Ports og Dælunnar eins og kemur fram hér að framan. Samrunaaðilar telja að samruni hafi ekki í för með sér neikvæð áhrif á samkeppni á skilgreindum mörkuðum málsins þar sem markaðsráðandi staða hvorki verði til né styrkist. Þá leiði samruninn ekki til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

Fram kemur í samrunaskrá að hluthafar í Barone fara ekki með yfirráð, hvorki bein né óbein, í öðrum félögum sem eru í rekstri sem er tengdur rekstri Dælunnar. Einn af hluthöfum Barone á þó [2%] eignarhlut í Festi hf. (áður N1 hf.). Tekið er fram að hlutafjäreigninni fylgi ekki nein dagleg aðkoma að rekstri Festi hf. og aðilar tengdir hluthafanum séu ekki í stjórn Festi hf. Hér verður þó að hafa í huga að minnihlutaeign í keppinautum getur valdið skerðingu á samkeppni. Það getur annars vegar leitt af sér minni hvata fyrir fyrirtæki til þess að keppa sín á milli þar sem með eignarhaldi fyrirtækis eða hluthafa fyrirtækisins í keppinauti þess öðlast það hlutdeild í hagnaði keppinautarins. Hins vegar getur minnihlutaeign í keppinautum falið í sér aukna hættu á samráði eða þegjandi samhæfingu á milli keppinauta. Verður að telja að eignartengsl þessi séu óveruleg og ekki séu forsendur til þess að Samkeppniseftirlitið grípi til íhlutunar vegna þeirra, enda er því lýst yfir af hálfu samrunaaðila að henni fylgi ekki aðkoma að rekstri eða stjórnun Festi hf.¹ Mikilvægt er að eigendur Dælunnar verði vakandi fyrir samkeppnislegu sjálfstæði fyrirtækisins gagnvart keppinautum og stuðli þannig að því að markmið fyrrgreindrar íhlutunar Samkeppniseftirlitsins nái fram að ganga, neytendum til hagsbóta.

Samkeppniseftirlitið telur ljóst að í máli þessu sé um samsteypusamruna að ræða, þar sem Port eða tengd félög hafa ekki starfsemi á sömu mörkuðum og Dælan starfar á

¹ Sjá umfjöllun um eignartengsl og möguleg áhrif hennar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2014 *Kaup Bekei hf. á Bakkanum vöruhótel ehf., ELKO ehf., EXPO Kópavogi ehf., ISP á Íslandi ehf., Kaupási ehf. og fastegnum í eigu Smáragarðs ehf.* og ákvörðun nr. 9/2019, *Samruni Haga hf., Olíuverzlun Íslands hf. og DGV ehf.*



samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá. Löður, sem rekur bílapvottastöðvar, starfar því á tengdum markaði og er undir yfirlitum sömu aðila, sbr. framangreint. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að miðað við framkomnar upplýsingar séu engar vísbendingar um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni í skilningi 17. gr. c. samkeppnislaga. Af þeim sökum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samrunans, s.s. með íhlutun eða í form ógildingar eða setningu skilyrða.

IV.

Ákvörðunarorð

„Yfirfærsla hlutafjár Dælunnar ehf. til Port I ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson